



# Forvarnarstefna Uglukletts



**BORGARBYGGÐ**

Leiðarljós forvarnarstefnu Uglukletts er að skapa öllum börnum í leikskólanum uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd, einkennist af samkennd og býr yfir viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf krefur.

Markmið forvarnarstefnu er m.a. að börn og ungmenni alist upp við góða andlega líðan, heilsu og jákvæða sjálfsmynd. Með markvissri vinnu og góðu samstarfi er hægt að stækka þann hóp barna sem býr við góðar aðstæður og líður vel. Mikilvægt er að grípa inn í líf barns ef einhverju í aðstæðum þess er ábótavant eða það sýnir með hegðun sinni að það sé vansælt og stöðva þannig óæskilega þróun. Leikskólaárin eru mótunarár í uppveiti barna. Í leikskólanum er fagfólk sem getur leiðbeint foreldrum varðandi uppeldistengd málefni. Á leikskólaaldri geta erfiðleikar gert vart við sig og þá er mikilvægt að grípa til úrræða.

Markmið forvarnarstefnu Uglukletts:

- Að leggja grunn að jákvæðri sjálfsmynd barna.
- Að styrkja félagsfærni barna.
- Að börn tileinki sér heilbrigða lífshætti.

Þær leiðir sem nýttar eru til að ná fram markmiðum stefnunnar eru: Fræðsla til foreldra og starfsmanna þar sem lögð er áhersla á tilfinningatengsl, aðbúnað, hegðun, viðhorf og slysavarnir. Ugluklettur er heilsueflandi leikskóli og því er farið eftir manneldismarkmiðum varðandi mataræði og mikil áhersla er á hreyfingu og útinám. Í leikskólanum er einnig lögð áhersla á tannheilsu barnanna.

Nýttar eru ýmsar aðferðir til að ná fram markmiðunum, t.d. Vináttuverkefni Barnaheilla en það hentar börnum allt frá 0 ára aldri og upp í fyrstu bekki grunnskóla. Í verkefninu er gert ráð fyrir því að allir í leikskólanum tileinki sér fjögur grunnildi í samskiptum við aðra. Gildin eru:

- Umburðalyndi- að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.
- Virðing- að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða margbreytileikann innan hópsins.
- Umhyggja- að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.
- Hugrekki- að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Tilfinningaspjöld eru notuð með öllum börnum í tengslum við Vináttuverkefnið. Á spjöldunum eru myndir sem sýna tilfinningar eins og gráta, hlægja, vera hissa, vera

hræddur og að vera reiður. Rætt er um myndirnar við yngstu börnin en þau eldri velja sér mynd sem lýsir hvernig þeim líður og segja frá.

Könnunaraðferðin er kennsluáferð sem byggir á áhuga barnanna á að rannsaka viðfangsefni. Börnin nota samræðuform við að skilgreina verkefni og velja síðan þá leið sem þau telja besta til þess að rannsaka viðfangsefnið betur. Í ferlinu þurfa börnin að takast á við ýmsar hindranir og finna leiðir að lausn.

Könnunarleikur fer fram á yngstu deildinni. Í könnunarleiknum leika börnin sér með hversdagslega hluti s.s. keðjur, dósir, lykla, lok, þvottaklemmur ofl. Börnin kanna möguleika hlutanna upp á eigin spýtur sem færir þeim þá reynslu að möguleikar þeirra séu óþrjótandi. Börnin læra að vinna saman og finna sínar eigin leiðir að lausnum. Börnin þroska í leik sínum einbeitingu og athyglisgáfu, samskiptahæfni og málþroski er örvaður.

Hlutverkaleikur á sér stað í öllu leikskólastarfi. Í hlutverkaleiknum leikur barnið reynslu sína og fær útrás fyrir tilfinningar sínar. Í Uglukletti er til persónubrúðan Melkorka Brák og lífsleikni efni tengt henni. Þá heimsækir hún börnin og segir þeim sögur af góðri og slæmri reynslu sinni í lífinu og sækist hún eftir viðbrögðum eða athugasemdum barnanna.

Í leikskólanum eru reglulega gerðar hinar ýmsu skráningar og athuganir á þroska barna með t.d. Tras skráningu og allir Fálkar fara í gegnum Hljóm 2 skimun, sem kannar hljóðkerfisvitund þeirra. Öll börnin í leikskólanum eru með ferilmöppu þar sem fylgst er með því námi sem fram fer hjá hverju barni og hvernig það þróast á meðan á leikskólagöngunni stendur.

Mataræði. Við samsetningu matseðla er tekið mið af markmiðum Landlæknis varðandi næringu barna. Sérstök áhersla er lögð á neyslu grænmetis og ávaxta auk þess sem leitast er við að sneiða hjá tilbúnum afurðum og búa frekar til mat frá grunni.

Tannburstun í leikskólanum er liður í verkefninu Heilsueflandi leikskóli. Öll börn í leikskólanum er tannburstuð eftir hádegismat.

Komi upp grunur um að einstaklingur þurfi sérstakan stuðning við einhvern hluta náms síns er gripið inn í strax. Snemmtæk íhlutun kallast sú leið sem leikskólinn fer og ef grunur kviknar er stuðst við áætlun leikskólans varðandi Farsæld barna.